

Mánudaginn 5. október 1987.

Nr. 190/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Steingrími Njálssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1987 og jafnframt af ákærvalds hálfu til þyngingar. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákærvalds að krafist væri staðfestingar á refsíákvörðun hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt en til vara er krafist sýknu af kröfum ákærvalds. Af hálfu ákærvalds er ómerkingarkröfu mótmælt.

Krafa ákærða um ómerkingu dóms í málinu er byggð á því að héraðsdómarinn hafi fjallað um rannsókn málsins er hann starfaði sem fulltrúi ríkissaksóknara. Hafi honum því borið að víkja sæti í málinu. Er af hálfu ákærða vísað til 185. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Lýsti verjandi ákærða því jafnframt yfir að sér hefði ekki verið kunnugt um þetta er hann varði ákærða í héraði.

Fram er komið að héraðsdómarinn, Pétur Guðgeirsson, starfaði sem fulltrúi ríkissaksóknara er rannsókn í máli þessu stóð yfir og mælti fyrir um hana fyrir hönd ríkissaksóknara með bréfum 20. júlí 1984 og 7. janúar 1985. Þykja þessi afskipti hans af rannsókn málsins hafa í för með sér að hann geti ekki farið með það og dæmt sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, sbr. grundvallarreglu 1. og 5. tl. og 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Verður hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur. Málsvarnarlaun þessi eru dæmd án söluskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. apríl 1987.

Ár 1987, föstudaginn 24. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 278/1987: Ákærvaldið gegn Steingrími Njálssyni sem dómtekið var 15. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. janúar 1987 á hendur Steingrími Njálssyni, refsifanga á Litla-Hrauni, fæddum 21. apríl 1942 á Siglufirði, „fyrir eftirgreind skírlífisbrot:

I.

Að kvöldi 2. júlí 1984 veist að drengnum X ..., um borð í mb. Sigurvík í Ólafsvíkurhöfn, fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

II.

Að kvöldi 8. júlí 1984 í gistihvergi á Hótel Nesi, Ólafsvík veist að drengnum Y ..., losað um föt hans og farið höndum um kynfæri hans utan-klæða.

III.

Að kvöldi 6. maí 1986 að þáverandi að (sic) Fjölnisvegi 12 í Reykjavík veist fáklæddur að blaðburðardrengnum Z ..., fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

IV.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 3 ár.

Ákærði greiði Elíasi Klein 300.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Miðvikudaginn 7. október 1987.

Nr. 16/1987. **Ákæruvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gunnlaugi Rafni Traustasyni og

(Tómas Gunnarsson hrl.)

Jóhanni Frimanni Traustasyni

(Jón Oddsson hrl.)

Tékkamisferli. Fjársvik. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu 13. október 1986. Hafði ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason óskað áfrýjunar en ríkissaksóknari áfrýjaði að svo búnu að því er báða hina ákærðu varðar og krafðist sakfellingar að fullu og þyngingar á refsingu þeirra. Einnig er krafist staðfestingar ákvæða héraðsdóms um skaðabætur.

Hlutfélagið Spark í Reykjavík rak á sínum tíma tískuverslunina Airport. Stjórnarformaður félagsins var ákærði Gunnlaugur Rafn, en ákærði Jóhann Frimann var meðstjórnandi og framkvæmda-